

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/103/ESB

2015/EES/55/17

frá 21. nóvember 2014

um þriðju aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því skulu síðustu, breyttar útgáfur þessara samninga gilda frá og með 1. janúar 2015, með umbreytingarfresti til 30. júní 2015.
- 3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 2008/68/EB**

Tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„I.1. ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

- 2) Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1. RID

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

- 3) Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. ADN-samningurinn

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2015, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgætt til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
